

Ár 2005 þann 15. september kl. 14:30 kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Mættir allir aðalmenn auk byggingarfulltrúa og sveitarstjóra er reit fundargerð.

Sveitarstjóri fór yfir fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir.

Byggingamál

- 1) Umsókn um niðurrif mjólkurhúss, hlöðu og fjóss að Hafrafelli. Samþykkt.
- 2) Erindi varðandi Hyrningsstaði frá Jóhannesi Árnasyni. Á fundi nefndarinnar 14. október 2004 var tekið fyrir erindi frá Jóhannesi þar sem hann óskaði eftir byggingarleyfi fyrir sumarhúsi sem þar stendur, en byggingarleyfi hafði aldrei verið gefið út. Lagður var fram uppdráttur á þeim fundi en samþykkt var á októberfundinum að fresta málinu og óska eftir hnitsettum uppdrætti. Sá uppdráttur var nú lagður fram á fundinum gerður af byggingarfulltrúa.

Samþykkt að gefa út byggingarleyfi.

- 3) Erindi frá Sigurði Bjarnasyni: Umsókn um breytingu á notkun lóðar nr. 20 í Króksfjarðarnesi. Lóðin er skráð sem iðnaðar- og athafnalóð en óskað eftir að hún verði skráð sem íbúðarhúsaloð. Einnig að saumastofa sem stendur á lóðinni verði skráð sem íbúðarhús. Málinu frestað. Byggingarfulltrúa falið að kanna málið frekar.

Til kynningar

- 1) Þjónusta Verkfræðistofu Helga Hálfðánarsonar kynnt með bréfi, en sú stofa býður ýmsar mælingar.
- 2) Svæðisskipulag fyrir Skjólaskóga á Vestfjörðum, kynningarbréf frá Sæmundi Þorvaldssyni. Sveitarstjóra falið að koma erindinu á framfæri við Landmótun ehf sem vinnur að gerð aðalskipulags fyrir Reykhólahrepp.
- 3) Byggingarfulltrúi greindi frá því að hann hefði stöðvað byggingaframkvæmdir úti í Sviðnum sem hafnar hefðu verið án leyfis.

Byggingarfulltrúi yfirgaf fundinn kl. 15:30

Bogi Kristinsson Magnusen (sign)

Hafnarmál

- 1) Hafnargjöld Reykhólahafnar, erindi frá Þörungaverksmiðjunni sem kvartar yfir hækkun hafnargjalda 22. nóvember 2004. Hreppsnefnd vísaði þessu erindi til nefndarinnar á fundi sínum 18. ágúst.

Nefndin leggur til að hafnargjaldið verði óbreytt, þ.e. kr. 109,- pr. tonn.

- 2) Drög að nýrri hafnarreglugerð fyrir Reykhólahöfn. Farið var yfir drög sem sveitarstjóri hafði samið með hliðsjón af formi frá samgönguráðuneytinu. Ákveðið að að bæta við grein um umgengni í höfninni sem byggist á greinum 17., 20. og 21. í núgildandi reglugerð sem er nr. 258/1975.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:20

Þórður Jónsson (sign)
Gústaf Jökull Ólafsson (sign)
Sveinn Ragnarsson (sign)
Einar Örn Thorlacius (sign)